



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. apríl 2026
USK25050406

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 22. apríl 2026 um eftirfarandi mál:

Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2026-2030 - kynning á drögum

Fram fer kynning á drögum að hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2026-2030. Samþykkt að vísa til borgarráðs.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
*Skrifstofa stjórnarsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið*

Fylgiskjöl: drög að hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2026-2030

Hjólreiða-
áætlun
Reykjavíkur

2026–2030

Kristinn Jón Eysteinnsson

Hjólreiðaáætlun 2026-2030



Kynning á drögum áætlunarinnar
Skrifstofa Samgöngustjóra og
borgarhönnunar

Umhverfis- og skipulagsráð 22. apríl 2026

STÝRIHÓPUR

Stýrihóp var falið að uppfæra og styrkja núverandi áætlun 2020-2025 fyrir tímabilið 2026-2026.

- Stýrihópur hittist 12 sinnum á tímabilinu 20.júní'25 – 13.apríl '26
- Ráðgjafi frá COWI með sérfræðipekkingu frá Danmörku.
- Fékk kynningar frá hagsmunaaðilum og sérfræðingum innan sem utan borgarkerfis, m.a. um upplifun notanda á hjólastígakerfinu, gæði hjólaleiða og leiðir til að efla nýjar hjólakynslóðir

Fulltrúar í stýrihóp:

- Hjálmar Sveinsson formaður, Kjartan Magnússon, Andrea Jóhanna Helgadóttir, Aðalsteinn Haukur Sverrisson og Sara Björg Sigurðardóttir.

Starfsmenn:

- Kristinn Jón Eysteinnsson, Grétar Mar Hreggviðsson og Magnús Ársælsson.



UPPBYGGING STEFNUNNAR OG LEIÐARLJÓS

Aðgerðaráætlun:

- Innviðir og uppbygging
- Vetrarþjónusta og rekstur
- Öryggi og hönnun
- Skólar og born
- Hjólastæði
- Hvatning og menning

Leiðarljós:

- Forgangur virkra ferðamáta
- Samfella í leiðarneti hjóltreidda
- Öryggi fyrir alla
- Gæði og upplifun

Framtíðarsýn:

- Hjólaborg á heimsmælikvarða
- 15 mínútna borg
- Hjóltreiddar allt árið



ÁÆTLUNIN


Skilgreindar aðgerðir aðgerðaráætlunnar eru til fimm ára í senn og framtíðarsýn til 2040, sem gefur færi á því að skoða eftir fimm ár hver árangur er af stefnunni og aðgerðum hennar.

Áætlun sem markar skýra framtíðarsýn um borg þar sem hjólandi og aðrir notendur hjolastíga eru í forgangi í daglegum samgöngum. Setur fram stefnu og aðgerðir sem ætlað er að auka hlutdeild hjólreiða í daglegum samgöngum í Reykjavík.

Hún byggir á greiningu á ferðavenjum, eftirspurn og innviðum og miðar að því að bæta aðgengi, öryggi og gæði hjólaleiða um alla borg.

Meginmarkmið:

- Skýr framtíðarsýn um borg þar sem hjólreiðar eru í forgrunni
- Hjólreiðar sem raunhæfur og eftirsóknaverður ferðamáti
- Auðvelt fyrsta val fyrir styttri ferðir
- Aðgengilegt fyrir alla – óháð aldri og getu



MEGIN STOÐIR



Aðgengilegt net hjólaleiða

Tryggja samfelt, skilvirkt og auðskilið net hjólaleiða sem tengir saman áfangastaði, s.s. heimili, vinnu, skóla, þjónustu og almenningssamgöngur. Að ferðast á hjóli stuðli að félagslegri sjálfbærni og lýðheilsu íbúa með þátttöku, jöfnu aðgengi og sterkari tengslum íbúa við hjólreiðar sem ferðamáta.

Öryggi og aðgengi

Skapa öruggt og aðgengilegt umhverfi fyrir hjólandi vegfarendur, með áherslu á alla hópa hjólreiða með góðri hönnun og þjónustu stígakerfisins. Öll eiga að geta upplifað sig örugg hjólandi um borgina, jafnframt tryggt öryggi hjóla sinna með góðum hjólastæðum.

Upplifun og gæði

Auka jákvæða upplifun af því að ferðast hjólandi og auka gæði borgarrýmis með áherslu á mannvænt, fjölbreytt, grænt og skjólríkt umhverfi þar sem það á við. Að ferðast hjólandi á er bæði útivist og samgöngumáti sem á að vera ánægjuleg, þægileg og eftirsóknaverð leið til að ferðast um borgina.

FRAMTÍÐARSÝN 2040

Árið 2040 verður Reykjavík orðin hjólaborg á heimsælikvarða þar sem hjólreiðar eru einn helsti ferðamáti borgarbúa, sérstaklega fyrir styttri ferðir.

Hjólaleiðanet borgarinnar verður þétt, samfelld og öruggt og tengt við almenningsamgöngur og lykil áfangastaði.

Hjólreiðar verða aðgengilegar allt árið um kring og hluti af daglegu lífi íbúa, óháð aldri eða búsetu.

Staðan í dag:

- 8% hjóla til vinnu
- 14% vilja hjóla

2040

- ≥15% ferða á hjóli
- ≥60% ferða <5 km á hjóli
- ≥50% virkir ferðamátar



TAKK



MARS 2026
REYKJAVÍKURBORG

HJÓLREIÐAÁÆTLUN REYKJAVÍKUR 2026-2030

DRAFT

COWI

MARS 2026
REYKJAVÍKURBORG

HJÓLREIÐAÁÆTLUN REYKJAVÍKUR 2026-2030

EFNI

1	Inngangur	7
2	Hjólaborgin Reykjavík árið 2040	9
3	Hjólaborgin Reykjavík í dag	11
4	Markmiðasetning	14
4.1	Aukin hlutdeild hjólreiða – að ala upp hjólakynslóð	14
4.2	Aðgengilegt net hjólaleiða	17
4.3	Hjólað allt árið um kring	21
4.4	Örugg og næg hjólastæði um alla borg	23
5	Hjólaleiðir í dag og til framtíðar	25

1 Inngangur

Markmið hjólreiðaáætlunar Reykjavíkur 2026-2030 er að auka hlutdeild hjólreiða í ferðum í borginni. Frá 2010 hafa verið gerðar hjólreiðaáætlanir til fimm ára í senn þar sem markmið og aðgerðir hafa verið sett fram til þess að auka hlutdeild hjólreiða í Reykjavík. Hafa þessar áætlanir skilað talsverðum árangri.

Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgar ört og samhliða fjölgar ferðum í borginni mikið þar sem hver íbúi fer að meðaltali yfir þrjár ferðir á dag. Hjólreiðar eru hagkvæmur, heilsusamlegur og skemmtilegur ferðamáti. Aukin notkun hjólreiða eykur lífsgæði borgarbúa þar sem hjólreiðar bæta heilsu fólks, minnka bílaumferð og stuðla að minni kolefnislosun.

Nýleg könnun sýnir að 14% fólks vill helst ferðast til vinnu á hjóli en um 8% gera það reglulega.¹ Því er ljóst að fleiri þættir hafa áhrif á val fólks á ferðamáta en viljinn einn. Tilgangur samgöngukerfa er að flytja fólk og vörur á milli staða, ekki farartæki. Fólk og fyrirtæki velja þann ferðamáta sem hentar hverju sinni og stjórnvöld geta lagt sitt af mörkum með því að bæta valkostina sem standa til boða. Við þurfum að búa svo í haginn að þessi 14% geti valið að ferðast með þeim hætti sem þau kjósa helst, á hjóli.

Aðstaða til hjólreiða þarf að vera aðgengileg og þannig gerð að hún hvetji til hjólreiða með því að bjóða upp á að hjólreiðar séu auðveldur, þægilegur og aðlaðandi ferðamáti, bæði til daglegra erindagjörða og útivistar. Áfram verður lögð áhersla á lagningu hjólastíga en jafnframt á að auka gæði hjólaleiða. Slíkar áherslur bæta jafnt aðgengi sem öryggi hjólandi vegfarenda.

- *Skýringar settar upp í ský eða box á spássíu:*

- **Hjólaleið:** Hjólaleið getur samanstðið af hjólastígum, göngu- og hjólastígum, hjólavísunum í götu og hjólareinum.
- **Hjólastígur:** Sérstakur hjólastígur, sérrými sem aðskilur hjólandi frá annarri umferð.

¹ Samkvæmt könnun Gallup um ferðir til vinnu/skóla í október 2025.

Stjórnvöld um allan heim keppast við að fjárfesta í grænni og heilsusamlegri ferðamátum – líka á Íslandi. Árið 2024 var samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins frá 2019 uppfærður þar sem markmið var sett um að leggja 100 km af göngu- og hjólastígum á árunum 2019 til 2040.

- **Árið 2024 var þegar búið að leggja 20 km af stígum í krafti sáttmálans.**

Undanfarin ár hefur notkun rafhjóla aukist hratt og hefur sú aukning haft áhrif á að fleiri velja hjólréiðar sem ferðamáta. Einnig hefur notkun á rafhlaupahjólum aukist. Notendur þeirra vilja helst nýta sömu innviði og hjólréiðafólk til að ferðast og gefur það enn meira tilefni til að setja aukinn kraft í uppbyggingu slíkra innviða.

Reykjavík stefnir á að verða hjólaborg á heimsmeðallikvarða. Þá er nauðsynlegt að fólk geti horft til hjóla sem fyrsta vals þegar kemur að ferðamáta. Í þessari áætlun eru sett fram mælanleg markmið og aðgerðir sem stefnt er að á tímabilinu 2026-2030 en einnig er sett fram framtíðarsýn til ársins 2040 fyrir hjólaborgina Reykjavík.

Ferlið við gerð hjólréiðaáætlunar

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar samþykkti þann 28. maí 2025 að skipa stýrihóp til að endurskoða fyrri hjólréiðaáætlun borgarinnar, fyrir árin 2021-2025, og var meginverkefni hans að vinna tillögu að hjólréiðaáætlun 2026-2030.


Í stýrihópnum sátu Hjálmar Sveinsson (formaður), Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Andrea Helgadóttir, Kjartan Magnússon og Sara Björg Sigurðardóttir. Með hópnum störfuðu einnig Grétar Mar Hreggviðsson, Kristinn J. Eysteinnsson og Magnús Ársælsson, starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Við gerð áætlunarinnar fékk hópurinn ráðgjöf frá COWI verkfræðistofu, sem hefur víðtæka reynslu af gerð hjólréiðaáætlana fyrir borgir um allan heim.

2 Hjólaborgin Reykjavík árið 2040

Árið 2040 verður Reykjavík orðin að hjólaborg á heimsælikvarða þar sem virkir ferðamátar eru í forgrunni. Hlutdeild hjólreiða hefur aukist töluvert og hjólreiðar eru orðnar einn helsti valkostur borgarbúa fyrir styttri ferðir. Hjólaleiðanet borgarinnar er þétt, aðgengilegt og öruggt. Það er samþætt almenningsgöngum og stutt öruggum og aðgengilegum hjólastæðum um alla borg. Hjólreiðar eru álitnar öruggur og aðlaðandi ferðamátar sem gefur heilsuþætandi hlé frá daglegu amstri – allt árið um kring.

Hjólaborgin 2040 byggir á markmiði um breyttar ferðavenjur í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 sem er stutt af samgöngupírámídanum, alþjóðlega viðurkenndu líkani sem sýnir forgangsröðun borgarinnar á mismunandi ferðamátum. Samgöngupírámíðinn sýnir að virkir ferðamátar eigi að vera í fyrsta sæti og að hvetja ætti til þess að nota slíka ferðamátar sem fyrsta val til daglegra erindagjörða, sérstaklega fyrir styttri ferðir. Ættu virkir ferðamátar að njóta forgangs í bæði pólitískum ákvörðunum og skipulagi. Til að styrkja hvort tveggja þarf að samþætta virka ferðamátar vel við næsta þrep samgöngupírámíðans, almenningsgöngur. Breyttar ferðavenjur eru lykillinn að markmiðinu um Reykjavík sem kolefnishlutlaust borgarsamfélag árið 2040.




Samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins tryggir fjármagn í uppbyggingu hjóla- og göngustíga á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2040. Sérstök áhersla er lögð á að þróa heildstætt kerfi stofnhjólaleiða um allt höfuðborgarsvæðið.

Til að styðja við þetta markmið verður þróað öruggt og heildstætt net hjólaleiða með hjólreiðasýn 2040. Samhliða markvissu borgarskipulagi ætti slíkt hjólanet að gera íbúum Reykjavíkur kleift að ferðast hjólandi frá heimili sínu í skóla, á vinnustaði, í opinbera þjónustu, verslanir og hvers kyns menningarstarfsemi á um það bil 15 mínútum.

Hjólaleiðanetið mun samanstanda af hágæða stofn- og tengileiðum og tryggja hraðar, öruggar og aðgengilegar ferðir innan Reykjavíkur, sem og tengingar við nágrennasveitarfélög.

Aðgengileg og örugg hjólastæði um alla borg munu einnig styðja við þetta net hjólleiða, þar sem opinberar stofnanir bjóða upp á vönduð hjólastæði og einkaaðilar hvetja til hjólreiða.



Árið 2040 verða hjólreiðar taldar öruggur og aðlaðandi ferðamáti sem er aðgengilegur allt árið um kring. Börn og ungmenni munu líta á hjólreiðar sem sjálfsgöðan valkost til að komast á milli staða, sem gerir þeim kleift að ferðast á öruggan og sjálfstæðan hátt. Foreldrar geta verið öruggir með að senda börn sín í skóla og tómstundir á hjóli.

Framtíðarsýninni fyrir árið 2040 verður náð í ákveðnum skrefum. Á fimm ára fresti verður framvindan metin og ný stefna þróuð fyrir árið 2035 og að lokum árið 2040.


MARKMIÐ FRAMTÍÐARSÝNAR 2040

- Árið 2040 verði að lágmarki 50% allra ferða innan Reykjavíkurborgar með almenningssamgöngum og/eða virkum ferðamátum.²
 - Árið 2040 verði að lágmarki 35% allra ferða farnar gangandi, á reiðhjóli eða hlaupahjóli – árið 2022 var þetta hlutfall 24%.
 - Árið 2040 verði að lágmarki 15% allra ferða farnar á reiðhjóli – árið 2022 var þessi tala 6%.
- Árið 2040 verði að lágmarki 60% allra ferða undir 5 km farnar á hjóli.

² Markmið einnig í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

3 Hjólaborgin Reykjavík í dag

- Gögn úr 24 hjólateljurum sem eru staðsettir um alla Reykjavík sýna að frá 2022 hefur verið töluverð aukning í hjólreiðum. Þó er fyrirvari settur á tölurnar úr teljunum þar sem stundum hafa einstaka teljarar dottið tímabundið út. Einnig geta verið árssveiflur í fjölda hjólandi vegna veðurfars.
- Árið 2022 var staðbundnum teljurum í Reykjavík fjölgað í 24 en árið 2019 voru þeir 6.



- Gögn úr könnunum sýna skýrt að eftirspurn eftir hjólreiðum er þegar til staðar í öllum hverfum borgarinnar. Raunhæfni 15% markmiðsins ræðst því fyrst og fremst af því hvort tekst að byggja upp samfelld, öruggt og þjónustað hjólreiðakerfi – sérstaklega í ytri hverfum.
- *Tölur frá Gallup um ferðir til vinnu/skóla, 2025.*
- 8% ferða til vinnu voru farnar á reiðhjóli.
 - 12% ferða til vinnu í Miðborg og Vesturbæ voru farnar á reiðhjóli.
 - 11% ferða til vinnu í Hlíðum, Laugardal og Háaleiti voru farnar á reiðhjóli.
 - 8% ferða til vinnu í Árbæ/Grafarholti voru farnar á reiðhjóli.
 - 4% ferða til vinnu í Grafarvogi/Kjalarnesi voru farnar á reiðhjóli.
 - 2% ferða til vinnu í Breiðholti voru farnar á reiðhjóli.
- *Tölur frá Gallup um ferðir til vinnu/skóla, 2025.*
- 14% íbúa í Reykjavík væru helst til í að ferðast á reiðhjóli/rafmagnshjóli til vinnu.
- Niðurstöðurnar sýna að það eru miklir möguleikar á að auka fjölda hjólandi í öllum hverfum borgarinnar.
 - 17% íbúa í Miðborg og Vesturbæ væru helst til í að ferðast á hjóli til vinnu.
 - 18% íbúa í Hlíðum, Laugardal og Háaleiti væru helst til í að ferðast á hjóli til vinnu.
 - 10% íbúa í Árbæ/Grafarholti væru helst til í að ferðast á hjóli til vinnu.

- 10% íbúa í Grafarvogi/Kjalarnesi væru helst til í að ferðast á hjóli til vinnu.
- 7% íbúa í Breiðholti væru helst til í að ferðast á hjóli til vinnu.
- *Tölur frá Gallup (ferðavenjukönnun), 2022.*
- Kannanir sýna að eftirfarandi þættir eru mikilvægir fyrir fólk til þess að það velji að hjóla oftar:
 - Betri hjólastígar.
 - Bætt vetrarþjónusta.
 - Þéttara net hjólaleiða.

Slysatölur um hjólandi

Slysaögn fyrir hjólandi einstaklinga síðastliðin 10 ár (2015-2024) sýna að á sumrin er algengasta tegund slysa og óhappa „einslys“, fall af hjóli, og næstalgengasta tegundin er þegar hjólandi þverar akbraut.

Á veturna er algengasta tegund óhappa og slysa þegar hjólandi þverar akbraut. Um helmingur þessara slysa og óhappa eiga sér stað við gönguþverun og helmingur annars staðar en við gönguþverun. Á sumrin er mun lægra hlutfall af slysum/óhöppum af þessari tegund þegar hjólandi þverar akbraut við gönguþverun.

- 38% slysa/óhappa á vetrarmánuðum (nóvember-apríl) verða þegar hjólandi þverar akbraut.
- 37% slysa/óhappa á sumarmánuðum (maí-október) verða þegar hjólandi fellur af hjóli.

Síðastliðin 10 ár hafa öll banaslys á reiðhjólafólki (alls þrjú) gerst á vetrarmánuðum, á tímabilinu nóvember-janúar.

Fjöldi slysa og óhappa reiðhjólafólks er vanmetinn þar sem ekki öll atvik eru tilkynnt og slysatölur sem sýndar eru í töflum og myndum sýna aðeins tilkynnt atvik.

Í umferðaröryggisáætlun Reykjavíkur kemur fram að hjólreiðafólk sé einn viðkvæmasti hópurinn í samgöngukerfinu og að kerfið þurfi að miðast við þann hóp. Sérstaklega á þetta við þegar hjólandi og akandi umferð blandast saman þar sem flest og alvarlegustu slysin verða milli hjólandi og akandi. Í umferðaröryggisáætluninni er lögð sérstök áhersla á að bæta öryggi hjólreiðafólks.

Rannsóknir sýna að öryggi hjólreiðafólks eykst með aukinni notkun. Þótt heildarfjöldi slysa geti aukist samhliða auknum hjólreiðum lækkar slysatíðni á hvern hjólandi. Þetta endurspeglar svokölluð *safety in numbers* áhrif, þar sem aukinn sýnileiki og aðlögun annarra vegfarenda leiðir til bættrar umferðarhegðunar og aukins öryggis.³

Lát-inn	Alvarlega slasaður	Lítillega slasaður	Engin meiðsli	Samtals
---------	--------------------	--------------------	---------------	---------

³ Jacobsen, 2003; Elvik & Goel, 2020.

Hjólað á hlut við/á akbraut	0	2	7	2	11
Hjólandi og gangandi	0	1	4	10	15
Hjólandi og akandi á akbraut/bíla-stæði	1	20	54	78	153
Hjólandi þverar akbraut	1	18	99	107	225
Fall af hjóli	1	57	153	41	252
Hjólandi og akandi á hjóla-/göngu-stíg	0	0	20	20	40
Samtals	3	98	337	258	

4 Markmiðasetning

Áætlun þessi byggir á fjórum yfirmarkmiðum sem öll hafa mælanleg undirmarkmið. Til að ná settum markmiðum liggur fyrir listi aðgerða.

Frá því að fyrsta hjólreiðaáætlun Reykjavíkur var samþykkt hefur hlutdeild hjólreiða í öllum ferðum aukist úr 2% árið 2010 í 6% árið 2022 en tilkoma rafhlaupahjóla hefur einnig haft áhrif á vöxt hlutdeildar hjólreiða undanfarin ár.^{4, 5} Sú áætlun lagði grunn að þeirri byltingu sem hefur orðið í notkun hjóla í ferðum í borginni, meðal annars með því að margfalda lengd hjólastíga. Einnig hafa rafmagnshjól átt stóran þátt í aukningu hlutdeildar hjólreiða, sérstaklega vetrarhjólreiða. Með rafmagnshjólum er auðveldara að hjóla í brekkum og í alls konar veðri auk þess sem rafmagnshjól gera fleiri aldurshópum kleift að hjóla, t.d. eldra fólki.

Á tímabilinu 2026-2030 er stefnt að áframhaldandi sókn í uppbyggingu hjólainniða og stuðlað að því með ýmsum aðgerðum að Reykjavík verði hjólaborg á heims-mælikvarða.

Meginmarkmiðin eru:

- 1 Aukin hlutdeild hjólreiða – að ala upp hjólakynslóð
- 2 Aðgengilegt net hjólaleiða
- 3 Hjólað allt árið um kring
- 4 Örugg og næg hjólastæði um alla borg

Þessi fjögur markmið styðja hvert annað og mynda heildstæða sýn um að þróa Reykjavík áfram sem frábæra hjólaborg. Bætt umferðaröryggi er gegnumgangandi fyrir öll fjögur markmiðin.

4.1 Aukin hlutdeild hjólreiða – að ala upp hjólakynslóð

Aukin hlutdeild hjólreiða hefur góð áhrif á samgöngur, umhverfi, lýðheilsu og lífið í borginni og skapar betri borg.


Sérstök áhersla er lögð á að hvetja nýja kynslóð til hjólreiða og gera hjólreiðar að raunhæfum og skemmtilegum valkosti fyrir alla aldurshópa. Kannanir sýna að börn sem eiga foreldra sem hjóla eru líklegri til að hjóla sjálf. Könnun meðal skólabarna um ferðavenjur hefur sýnt að hlutdeild hjólreiða í ferðum grunnskólanemenda á yngsta og miðstigi er almennt há en lækkar hratt á efsta stigi og þegar komið er í framhaldsskóla.⁶

- *Tölur úr hjólreiðaáætlun 2021-2025 og ferðavenjukönnun Gallup 2022*

⁴ Skv. ferðavenjukönnun Gallup í október og nóvember 2022.

⁵ Niðurstöður ferðavenjukönnunar Gallup frá október 2025 voru ekki birtar fyrir útgáfu þessarar áætlunar.

⁶ Kortlagning á gönguleiðum og ferðavenjum skólabarna, Reykjavíkurborg.



- Tölur úr Gallup-könnun fyrir Reykjavíkurborg 2025, ferðir til vinnu/skóla.
- Hlutfall grunnskólanemenda sem fóru í skólann á hjóli eða rafmagnshjóli.
 - 2025: 16%
 - 2024: 12%
 - 2023: 11%
 - 2022: 9%
 - 2021: 6%

Með því að aðstoða börn og ungmenni við að hjóla á sjálfstæðan og öruggan hátt og með því að sýna þá fjölmörgu frábæru hjólreiðamöguleika sem Reykjavík hefur að bjóða verða hjólreiðar auðveldur og aðlaðandi kostur fyrir þessa aldurshópa. Þegar börn og ungmenni geta ferðast á eigin vegum á reiðhjóli öðlast þau aukið sjálfstæði og frelsi í daglegu lífi og treysta minna á aðra, svo sem foreldra, til að komast á milli staða.

Til að þróa hjólamenningu meðal nýrrar kynslóðar þarf að leggja áherslu á að kynna og fræða börn og ungmenni um hjólreiðar á mismunandi aldursstigum:

1. **Leikskóli:** Móta ætti snemma hjólavenjur í gegnum daglegt líf foreldra. Börn sem eiga foreldra sem hjóla eru líklegri til að hjóla sjálf þar sem börnin venjast því að ferðast á hjóli og verða smám saman öruggari og ánægðari með hjól sem ferðamáta.
2. **Grunnskóli:** Á þessum aldri byrja börn að ferðast meira sjálfstætt á hjóli og læra að tileinka sér öruggar ferðavenjur í umferðinni. Þau hjóla í og úr skóla, íþróttum og tómstundastarfi og byggja upp mikilvægt sjálfstraust í hjólafærni sinni.
3. **Framhaldsskóli:** Á þessum aldri byrja ungmenni að nota mismunandi ferðamáta og sum þeirra taka bílpróf. Lykilatriði er að skapa gott hjólaumhverfi, hvetja þau til að viðhalda góðum hjólavenjum og halda áfram að hjóla þegar þau færast yfir á fullorðinsárin.

Hjólreiðafólk kemur úr öllum hverfum borgarinnar en kannanir sýna að 8% ferða til og frá vinnu voru farnar á reiðhjóli árið 2025. Hverfi vestan við Elliðaár hafa hærra hlutfall ferða til og frá vinnu á hjóli en hverfi austan Elliðaáa.

Undirmarkmið:

- Að minnsta kosti 10% allra ferða í borginni verði farnar á hjóli árið 2030.
- Ferðir til og frá vinnu á hjóli verði að minnsta kosti 10%.
- Ferðum íbúa í öllum hverfum borgarinnar fjölgi enn frekar.
- Að minnsta kosti 25% ferða grunnskólanema til skóla verði farnar á hjóli.
- Að minnsta kosti 10% ferða framhaldsskólanema til skóla verði farnar á hjóli.
- Tryggja öruggar skólaleiðir og leiðir til íþróttar og frístundastarfs.
- Auka sjálfstæði barna og ungmenna í samgöngum.
- Sérstök áhersla verði lögð á eldri bekki grunnskóla og framhaldsskóla til þess að auka hlutdeild hjólandi í þeim aldursflokkum.

Aðgerðir:

- Reykjavíkurborg vinni markvisst að því að bæta aðstöðu og hvetji börn til að hjóla í skólann.
- Reykjavíkurborg starfi með aðilum vinnumarkaðarins til að fjölga þeim sem hjóla til og frá vinnu. Meðal annars verði unnið með Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð og fyrirtækjum undir merkjum loftslagsyfirlýsingar Reykjavíkurborgar að frekari árangri.
- Reykjavíkurborg efli upplýsingagjöf til almennings um hjólreiðar innan borgarinnar.
- Reykjavíkurborg efli þekkingaröflun um þá áhrifaþætti sem aukið gætu hjólreiðar allra, svo sem hvort hægt sé að skipuleggja innviði þannig að möguleikar allra sem hafa áhuga á að hjóla aukist.
- Reykjavíkurborg tryggi öruggar skólaleiðir og leiðir til íþróttar- og frístundastarfs með því að kortleggja og greina með grunnskólum helstu leiðir sem skólabörn í hverfinu nota, bæði til og frá skóla og íþróttastarfi eða öðrum tímstundum.
- Haldið verði áfram með og dreginn lærdómur af tilraunaverkefninu „hjólað á skólatíma“ til að byggja upp hjólamenningu innan skóla.
- Kennsla í hjólafærni verði eflað í grunnskólum og frístund. Unnið verði náið með skólum til að styrkja hjólamenningu. Þetta felur í sér að samþætta

hjólréiðar við skólastarf og námskrár og styðja við námstækifæri sem byggja á hjólréiðum, til dæmis að forgangsraða hjólréiðum sem ferðamáta í vettvangsferðum þar sem það er mögulegt.

- Stuðlað verði að því að auka sjálfstæði barna við hjólréiðar. Nýttar verði kynningarherferðir og skólaheimsóknir þar sem lögð er áhersla á ánægjuna, frelsið og þægindin sem fylgja því að hjóla. Einnig verði lögð sérstök áhersla á foreldra sem oft á tíðum hafa áhyggjur af öryggi barna sinna á hjóli. Reykjavíkurborg mun taka upp skammtilegt „hjólapróf“ eða færnipróf fyrir börn sem getur hjálpað til við að byggja upp traust foreldra á hæfni barna sinna. Hagnýt og skammtileg verkefni eins og að teikna/kortleggja leiðir í skóla og tómstundir geta aukið áhuga og sjálfstraust barna.
- Sérstök áhersla verði lögð á efri stig grunnskóla og framhaldsskólanema. Rannsóknir eða kannanir verði gerðar til að fylgjast með og skilja hjólavenjur og upplifun nemenda á síðari skólastigum, hvers vegna hjólanotkun minnkar á unglingsárum og hvernig megi hvetja til áframhaldandi hjólanotkunar. Þetta gæti falið í sér samstarf við stofnanir eins og Samgöngustofu og að nýta áhrifavalda á samfélagsmiðlum til að hafa jákvæð áhrif á viðhorf ungs fólks til hjólréiða. Einnig verður almennum viðræðum við mennta- og barnamálaráðuneytið haldið áfram til að bæta innviði og stuðla að umhverfisvænum samgöngumátum í framhaldsskólum.
- Farið verði í árlega kynningarherferð á tímabilinu til að upplýsa um möguleika og kosti þess að hjóla í borginni.
- Reykjavíkurborg styðji við hjólréiðakeppnir innan borgarinnar.
- Unnið verði að gerð fjallahjólaíreiða í borgarlandinu.

4.2 Aðgengilegt net hjólaleiða

Góðir innviðir fjölga þeim sem hjóla og fjölgun hjólandi eykur sýnileika og öryggi. Þannig bætum við hjólamenninguna og fleiri líta til hjólsins sem fyrsta valkosts. Aukin hreyfing íbúa bætir lýðheilsu.

Markmiðið er að halda áfram að bæta og stækka hjólaleiðanet Reykjavíkur, sem inniheldur hágæða stofnhjólástíga auk stoðnets tengistíga sem tryggja aðgengi að stofnleiðanetinu. Stefnir er að því að helstu stofnstígar hjólaleiðanetsins verði með sérstökum merkingum, aðgengilegum og öruggum leiðum, forgangi á umferðarljósum og stöðugu viðhaldi (t.d. vetrarþjónustu). Þægindi eins og hjólatyllur og viðgerðastandar eru einnig hluti af stofnstígum.


Mikilvægt er að hjólaleiðanetið sé samþætt og skipulagt með tilliti til almenningssamgangna, svo sem Strætó og Borgarlínu. Tryggja þarf góða aðstöðu fyrir geymslu hjóla við Borgarlínustöðvar og aðrar samgöngumiðstöðvar til að styðja við auðveld skipti milli almenningssamgangna, göngu, hjólréiða og rafhlaupahjóla.

Uppbygging innviða síðustu ár sýnir okkur að bættir innviðir fjölga þeim sem hjóla. Markmið þessarar áætlunar verður að halda áfram að fjölga hjólastígum þar sem það á við en einnig að auka gæði núverandi hjólaleiða.


- **Staða mælikvarða árið 2025**
 - 46 km hjólastígar í Reykjavík.
 - 221 km af hjólaleiðum í Reykjavík.
 - 26% íbúa í Reykjavík búa innan við 150 m frá hjólastíg.
 - 87% íbúa í Reykjavík búa innan við 150 m frá hjólaleið.
- **Markmið Reykjavíkurborgar 2030**
 - 60 km hjólastígar í Reykjavík.
 - Yfir 90% íbúa í Reykjavík búi innan við 150 m frá hjólaleið árið 2030.
- **Árangur frá fyrri áætlun**
 - Lagðir hafa verið yfir 15 km af hjólastígum og um 16 km af blönduðum göngu- og hjólastígum.
 - Fjöldi gatnamóta hafa verið betrubætt og gerð öruggari, t.d. með betra aðgengi, breyttum ljósastillingum og tilkomu hjólatylla.

Með núverandi hjólainnviðum er nú þegar hægt að komast um stóran hluta Reykjavíkur á 15 til 30 mínútum á hjóli. Með því að fjölga hágæða hjólastígum meðfram stofnleiðum verða enn fleiri svæði aðgengileg. Sem dæmi má nefna að á myndum 1 og 2 eru sýnd svæði þar sem hægt er að komast til og frá Árbæjarlaug á 15 og 30 mínútum á reiðhjóli. Meginmarkmiðið er að tryggja samgöngunet sem gerir hjólréiðar að raunhæfum og aðlaðandi ferðamáta til og frá vinnu og til daglegra erindagjörða.

- Korterskortið frá Vistorku er hentug leið til að sjá hvaða svæði má ná til á 15 til 30 mínútum, bæði hjólandi eða gangandi, út frá tilteknu heimilisfangi.
- Prófaðu að sjá hvað þú kemst langt frá þínu heimili á 15 mínútum á <https://korter.vistorka.is/#/>.



Mynd 1 Svæði sem hægt er að komast til og frá Árbæjarlaug á 15 mínútum á hjóli.



Mynd 2 Svæði sem hægt er að komast til og frá Árbæjarlaug á 30 mínútum á hjóli.

Undirmerkið:

- Hjólastígar verði a.m.k. 60 km að lengd árið 2030 og yfir 75 km að lengd árið 2035.

- Aðgengi að hjólastígum aukist. Meira en 90% íbúa í Reykjavík búi innan 150 m frá hjólaleið árið 2030.
- Sýnilegum innviðum sem bæta líf hjólandi fjölgi.
- Hugað verði að samspili hjólaleiða í tengslum við aðra ferðamáta í hönnun.
- Öruggar og aðgengilegar hjólaleiðir út úr höfuðborgarsvæðinu til þriggja átta.
- Gæði á stofnleiðum verði aukin.
- Tryggðar verði fullbúnar malbikaðar hjáleiðir fyrir gangandi og hjólandi þegar framkvæmdir eru í borgarlandinu.
- Fjölga mislægum tengingum á hjólaleiðum.

Aðgerðir

- Fjárfestingar í nýjum hjólainnviðum í Reykjavík verði að lágmarki 6 milljarðar króna á tímabilinu. Þ.m.t. er fjárveiting sem samgöngusáttmáli leggur til uppbyggingar á stofnleiðaneti höfuðborgarsvæðisins. Sjá má tillögu að uppbyggingu stíga aftast í áætluninni.
- Áfram skal lögð áhersla á að betrumbæta gatnamót með tilliti til hjólreiðastíga.
- Reykjavíkurborg vinni að því að koma hjólanetinu á kortavefinn Google Maps.
- Á tímabilinu verði stefnt á að byggja upp að minnsta kosti tvær hjólabrautir (e. *pump track*) til að auka við þjálfunar- og afþreyingarmöguleika þeirra sem vilja efla hjólafærni sína og hafa ánægju af.
- Reykjavík eigi samtal við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi, Suðurnesjum og Vesturlandi um uppbyggingu lengri hjólaleiða.
- Lögð verði áhersla á lífflegt umhverfi hjólastíga og gróður til að mynda skjól.
- Hjólaleiðir verði með lituðu yfirborði á áherslustöðum í samræmi við leiðbeiningar um örugga hönnun og víðar þar sem vekja á athygli á góðum hjólainnviðum. Hönnun hjólastíga taki mið af hugmyndafræði algildrar hönnunar.
- Haldið verði áfram að fjölga sýnilegum innviðum sem bæta líf hjólandi, svo sem hjólatyllum, sérstakri umferðarstýringu fyrir hjól, viðgerðastöndum, hjólaruslatunnum og teljurum.
- Við deiliskipulag nýrra uppbyggingarsvæða verði skipulagðar innri hjólaleiðir og tengingar við ytra hjólanetið sem tengja saman hverfi.

- Áfram skal lögð áhersla á að tryggja góðar hjáleiðir við framkvæmdasvæði. Aukið eftirlit tryggi gæði hjáleiða fyrir gangandi og hjólandi.
- Áfram verði stuðlað að því að bregðast hratt og vel við ábendingum um það sem nauðsynlegt þykir að lagfæra.
- Kortleggja skal erfið og varhugaverð gatnamót víðs vegar um borgina með hliðsjón af gildandi umferðaröryggisáætlun Reykjavíkur. Forgangsraða skal úrbótum og hefja framkvæmdir þar sem þörfin er mest m.t.t. öryggis og aðgengis. Almenn skal auka forgang hjólandi umferðar við gatnamót og þveranir. Sérstök áhersla verði lögð á staði þar sem umferðarpungar götur þvera og liggja á milli hverfa.
- Stefnt er að því að gera könnun á öryggistilfinningu og viðhorfi fólks til hjóleiða tvisvar á tímabilinu.

4.3 Hjólað allt árið um kring

Mikilvægt er að gera fólki kleift að hjóla allt árið um kring en jafnframt að viðurkenna að það getur reynst mörgum erfitt. Því er einnig lögð áhersla á að lengja hjólatímabilið þannig að það hefjist fyrr á vorin og endi seinna á haustin.

Vetraraðstæður geta verið erfiðar í Reykjavík og því mikilvægt að vetrarþjónusta sé framúrskarandi á helstu leiðum. Þannig tryggjum við áreiðanleika og jákvæða upplifun en kannanir sýna að ófullnægjandi vetrarþjónusta á hjólaleiðum dregur úr ferðum hjólandi. Stefnt er að aukinni vetrarþjónustu við stígakerfið og að stígar verði upphitaðir þar sem því verður komið við. Jafnframt er stefnt að aukinni samvinnu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu með Vegagerðinni um samræmda þjónustu á hjólaleiðakerfinu í samstarfi við Veðurstofu Íslands og aðra fagaðila í stjórnsýslukerfinu. Rekstrarfjármagn verði tryggt til að ná markmiðunum.


Staða mælikvarða árið 2025:

- Hlutfall lykilhjólaleiða sem eru greiðfærar fyrir kl. 8 á virkum dögum: 100%.
- Hlutfall allra hjólastíga sem eru greiðfærir fyrir kl. 8 á virkum dögum: 86%.
- Lengd allra hjólaleiða sem eru greiðfærar fyrir kl. 8 á virkum dögum: 134 km.
- Hlutfall íbúa Reykjavíkur sem búa innan 150 m frá hjólaleið sem er greiðfær fyrir kl. 8 á virkum dögum: 64%.

Til þess að hjólreiðar geti verið raunhæfur valkostur allt árið um kring er mikilvægt að halda hjólaleiðum öruggum og vel við höldnum óháð árstíð eða veðri. Ófullnægjandi snjóhreinsun og hálkuvörn getur þó valdið óöryggi og aukið slyshættu fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur. Að geta treyst því að helstu stofnleiðir séu greiðfærar allt árið um kring getur stuðlað að hugarfarsbreytingu borgarbúa varðandi vetrarhjólrreiðar. Að hjóla allt árið um kring stuðlar einnig að bættri lýðheilsu borgarbúa.

Skv. talningu á hjólum við fasta teljara í Reykjavík á tímabilinu 2022-2025 hafa hjólréiðar yfir vetrarmánuðina nóvember-apríl aukist um 34% og yfir sumarmánuðina maí-október um 22%. Þetta er sterk vísbending um mikla aukningu í vetrarhjólreiðum.

Gögn úr fóstum hjólateljurum í Reykjavík sýna hvernig fjöldi hjólandi hefur aukist á árunum 2022-2025 að vetri (nóvember-apríl) og að sumri til (maí-október).



Undirmerkið

- Fleiri hjóli allt árið um kring.
- Haldið verði áfram að bæta vetrarþjónustu á göngu- og hjólastígum á tímabilinu.
- Lengd hjólaleiða sem eru greiðfærar kl. 8 að morgni á virkum dögum verði 150 km árið 2030.
- Hálkueyðing á stígum með söltun, sópun eða öðrum aðferðum verði aukin.
- Upphíttum stígum verði fjölgað.
- Gætt verði að því að helstu stofnleiðir séu greiðfærar allt árið.
- Gætt verði að því að snjómokstri verði þannig háttað að snjór safnist ekki fyrir og skerði sýn á mikilvægum stöðum við gatnamót og þveranir til að tryggja umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.

Aðgerðir

- Gerð verði rekstrar- og fjárfestingaráætlun um stigvaxandi þjónustu hjólaleiða til að ná markmiðum ársins 2030.
- Vorhreinsun helstu göngu- og hjólaleiða til skóla verði aukin með viðbótarhreinsun.
- Vinnu verði haldið áfram með skýra og viðráðanlega forgangsörðun í vetrarþjónustu. Aukin áhersla verði lögð á forgangsörðun sem virkar við erfiðar

vetraraðstæður. Eykur þessi aðgerð áreiðanleika kerfisins og hvetur til heilsárshjólreiða.

- Farið verði í upplýsingaherferð til að hvetja til og undirbúa fólk fyrir vetrarhjólrreiðar.
- Haldið verði áfram að bregðast við athugasemdum og ábendingum vegna ástands stíga.

4.4 Örugg og næg hjólastæði um alla borg

Til þess að stuðla að auknum hjólrreiðum þarf að tryggja að hjólrreiðafólk hafi greiðan aðgang að öruggum hjólastæðum. Góð og örugg hjólastæði draga einnig úr hættu á þjófnaði og skemmdum, styðja við notkun fjölbreyttra hjólategunda og auðvelda samþættingu hjólrreiða við vinnu, verslun og önnur dagleg erindi. Þá er mikilvægt að hjólrleiðanetið verði samþætt almenningssamgöngum og að við strætó- og Borgarlínustöðvar verði góð aðstaða fyrir geymslu hjóla.

Uppbygging innviða síðustu ár hefur sýnt að betri aðstaða fjölgar þeim sem hjóla. Taling á fjölda hjóla við grunnskóla bendir einnig til að fjöldinn fylgi uppbyggingu hjólastæða við skólana.

Í þessari áætlun er lögð áhersla á að koma á öruggri og veðurvarinni geymslu-aðstöðu fyrir hjól og hjólavagna við leikskóla og skóla borgarinnar. Nú þegar er slík aðstaða til staðar á nokkrum stöðum. Skortur á viðeigandi aðstöðu dregur úr notkun virkra ferðamáta, þar sem foreldrar og forráðamenn þurfa að fara með hjól og vagna heim eða skilja þau eftir utandyra þar sem þau eru berskjölduð fyrir veðurskemmdum og þjófnaði.

Staða mælikvarða árið 2025

- 3.900 hjólastæði við grunnskóla.
- 900 hlaupahjólastæði við grunnskóla.

Árangur frá fyrri áætlun

- Skýrsla þar sem kannaðar voru leiðir til að draga úr þjófnaði á hjólum.
- Flestir grunnskólar borgarinnar eru með hjólastæði fyrir a.m.k. 20% nemenda.

Undirmerkið

- Hjólastæðum verði fjölgað áfram í borgarlandi og við stofnanir borgarinnar.
- Grunnskólum verði boðið að setja upp hjólastæði og hlaupahjólastæði eftir spurn.
- Komið verði upp öruggum vagna- og hjólageymslum við a.m.k. 50% leikskóla borgarinnar fyrir árið 2030.

Aðgerðir

- Tryggð verði hjólastæði fyrir að lágmarki 20% nemenda og kennara við alla grunnskóla. Bætt verði við fleiri stæðum hjá skólum þar sem eftirspurn er eftir fleiri stæðum. Áfram verður notkun mæld reglulega við skólana.
- Stæðum verði fjölgað verulega við stofnanir borgarinnar, bæði fyrir starfsfólk og gesti. Hleðsluástöðu verði komið fyrir eftir þörfum. Gerð verði greining á því hvers konar og hversu mörg stæði þarf við stofnanir og þjónustubyggingar borgarinnar.
- Rekstur hjólaskápa fyrir almenning, á völdum stöðum í borgarlandinu og í bílastæðahúsum, verði boðinn út.
- Tímabundin stæði (e. *pop-up*) verði til reiðu fyrir stóra viðburði.
- Byggð verði upp langtíma- og skammtíma stæði við endurnýjun byggðar og nýbyggingar í samræmi við kröfur í bíla- og hjólastæðareglum Reykjavíkurborgar. Áhersla verði lögð á að hjólastæði verði á jarðhæðum sem næst inngöngum, yfirbyggð og örugg.
- Reykjavíkurborg styðji við aðgerðir sem draga úr hjólaþjófnaði.
- Reykjavíkurborg stefni að því að vera góð fyrirmynd með því að bjóða upp á næg, örugg og yfirbyggð hjólastæði nálægt inngöngum við allar stofnanir í eigu eða umsjón borgarinnar, þar á meðal leikskóla, skóla, skrifstofur, íþróttamiðstöðvar, sundlaugar og aðrar opinberar byggingar.

5 Hjólaleiðir í dag og til framtíðar

Skapa þarf umhverfi sem hvetur til hjólreiða. Unnið verði að því að bæta og þétta hjólanetið og gera gatnamót öruggari. Þannig verður Reykjavík hjólaborg á heims-mælikvarða.

Hjólreiðaáætlun 2026-2030 er fimm ára áætlun en við mörkun framtíðarsýnar um hjólanetið í borginni þarf að horfa lengra og í stærra samhengi. Leggja þarf línurnar til lengri tíma svo mögulegt sé að hefja undirbúning og skipulagsvinnu verkefna sem koma til framkvæmda eftir árið 2030.

Við mótun tillögu um framtíðarsýn fyrir hjólanetið í Reykjavík voru settar upp mismunandi sviðsmyndir um þróun þess. Í grunninn er gengið út frá að uppbygging á sameiginlegu hjólaneti höfuðborgarsvæðisins verði í fullum gangi á tímabilinu í samræmi við samgöngusáttmála og að samhliða uppbyggingu Borgarlínu verði byggðir upp hjólastígar meðfram línunni. Meginmarkmið verkefna sem fjármögnuð verða af hjólreiðaáætlun Reykjavíkur verði að þétta og bæta hjólanetið í borginni til viðbótar við þá stíga sem til koma vegna samgöngusáttmála.

Hér að neðan eru sýnd tvö kort af hjólaleiðaneti Reykjavíkur, annars vegar núverandi hjólaleiðanet Reykjavíkur og hins vegar framtíðarhjólaleiðanet. Hjólaleiðanetið samanstendur af hjólastígum, göngu- og hjólastígum og hjólavísu í götu.

Unnið verður að því að bæta hjólaleiðanetið, m.a. með því að búa til nýja stíga, hvort sem þeir verða hjólastígar eða sameiginlegir göngu- og hjólastígar, auk þess að uppfæra og auka gæði núverandi hjólaleiða. Á framtíðarkortinu eru sýndar hjólaleiðir framtíðar með þeim fyrirvara að óvissa er um sumar leiðir og gætu þær breyst með skipulagsvinnu framtíðarinnar. Einnig eru sumar leiðir mögulega ekki sýndar á kortinu þar sem þær kunna að verða almennur hluti af götumynd framtíðarinnar.